AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju hf., Eskifirði, kt. 630169-4299. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf., Seyðisfirði, kt. 570269-7479. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Umhverfisstofnun, 25. september 2003.

Davíð Egilson forstjóri.

Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.

22. september 2003 Nr. 715

AUGLÝSING

um umferð í Sveitarfélaginu Árborg.

Að tillögu bæjarstjórnar Árborgar og samkvæmt 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður umferð breytt með eftirfarandi hætti og umferðarmerki sett upp samkvæmt því:

Stokkseyri:

Eyrarbraut verði aðalbraut og sett verði biðskyldumerki á alla botnlanga sem veita umferð inn á Eyrarbraut.

Selfoss:

Biðskylda verði á gatnamótum Ástjarnar við Langholt.

Við hringtorg á Tryggvagötu við Hólahverfi verði biðskylda gagnvart umferð um hringtorgið og sett verða upp biðskyldumerki, aksturs stefnumerki og hringtorgsmerki.

Biðskylda verði á gatnamótum Dverghóla, Tröllhóla og Nauthóla sem liggja að Tryggvagötu, en hún er aðalbraut. Einnig verði biðskylda á Álfhólum gagnvart Norðurhólum.

Biðskylda verði á öllum götum sem liggja að Fossvegi, þar með töldum götum sem liggja frá fjölbýlishúsunum að Fossvegi 2, 4 og 6.